REGLUGERÐ

Um aflaheimildir samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2025/2026. REGLUGERÐ um aflaheimildir samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2025/2026.

1. gr.

Aflaheimildir Byggðastofnunar.

Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir, sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir Byggðastofnunar á fiskveiðiárinu 2025/2026 skiptast á eftirgreindar botnfisktegundir í hlutfalli við leyfðan heildarafla af eftirfarandi tegundum:

Tegundir	**Tonn upp úr sjó**	**Þorskígildistonn**
Þorskur	3.115	2.617
Ýsa	1.196	717
Ufsi	919	473
Steinbítur	146	60
Gullkarfi	560	303
Keila	106	28
Langa	78	32
Samtals:	**6.120**	**4.230**

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

Reglugerð þessi er sett skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 29. ágúst 2025.

Eyjólfur Ármannsson.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

B deild - Útgáfudagur: 29. ágúst 2025

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.